

Samtök ferðaþjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbréf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1437
komudagur 20. 4. 2005



Samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um fólksflutninga, vöruflutninga, efnisflutninga á landi. 698. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og setja sig ekki á mót þeirri grunnhugsun sem fram kemur í þeim tillögum sem gerðar eru til breytinga.

Samtökin benda þó á að afar mikilvægt er að Vegagerðinni sé gert kleyft að bregðast fljótt við ábendingum um leyfislauða starfsemi. Í tilfelli fólksflutninga þar sem megin starfstíminn er mjög stuttur eða eingöngu tveir mánuðir yfir sumarið getur óskilvirkt vinnuferli við eftirlit kvartana leitt til þess að aðilar geti stundað sína starfsemi yfir há vertíðina óréttir og þannig náð að fleyta rjómann af verkefnum sem mikil samkeppni er um.

Við endurskoðun laganna hjá samgönguráðuneytinu var inni viðbót við núgildandi 10. grein og í drögum sem okkur voru kynnt að breytingum á lögum nr. 73/2001 um fólks- vöru- og efnisflutninga var gerð breyting á 10. grein núgildandi laga og skotið inn að „Vegagerðin veiti leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða t.d. til fjallaferða eða sérstakra lúxusferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu.“

Þetta var enn inni í drögnum sem við fengum í lok janúar en er fallið út þegar frumvarpið kom fram. Þessi litla breyting hefði fært mörg mál til betri vegar og komið meiri festu á þátt í ferðaþjónustunni sem er í lausu lofti í dag. Samtökin fara því þess á leit að hún verði tekin inn í lög.

Varðandi þær athugasemdir að hér sé verið að fara inn á verksvið leigubíla þá skal á það bent að í lögum um leigubílaakstur nr. 134/2001 er eftirfarandi skilgreining:

„þegar fólksbifreið er seld á leigu ásamt öikumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.“

Þessi skilgreining er síðan nánar útfærð í reglugerð 189/2002 en þar segir:

„þjónustugrein sem telst til almenningssamgangna og felst í að fólksbifreið er seld á leigu ásamt öikumanni fyrir tiltekið gjald til flutnings á farþegum og farangri þeirra.“

Hér það skýrt að þessi þjónusta stendur almenningi til boða en það á ekki við um þá viðskiptavini ferðaskrifstofa sem almennt eru að kaupa samþætta þjónustu þar sem akstur er einungis einn þáttur af mörgum.

Almennt verður líka að líta til þess að með lögum um leigubíla er verið að veita ákveðnum hópi einkaleyfi til ákveðinnar starfsemi sem felst í að fjöldi þeirra sem fær leyfi er takmarkaður. Þessa takmörkun á annars stjórnarskrárvörðu atvinnufrelsi



verður að skilgreina þröngt og þar af leiðandi verður að meta öll tilvik sem falla utan þeirra skilgreininga sem hér að ofan eru upp taldar sem undanþegnar þeim takmörkunum.

Samtökin vilja að endingu gera athugasemdir við bráðabirgðaákvæðið þar sem mönnum er gert að skila inn leyfum og þau skuli vera endurútfegin. Einhver hluti leyfishafa hefur nýverið fengið leyfi útfegin eða endurnýjun og þó leyfisgjaldið sem slíkt sé árleg upphæð þá fylgir því talsvert umstang og kostnaður að ganga frá öllum þeim fylgigögnum sem eiga að vera með umsókn.

Samtökin eru að sjálfsgöðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar sé þess óskað og skýra frekar sjónarmið sín í þessu máli.

Virðingarfyllst

Fh. Samtaka ferðaþjónustunnar

Þorleifur Þór Jónsson
Hagfræðingur.